

## Dagskrá Iðunnar vorið 2018

Það sem eftir er vori 2018 verða kvæðalagaæfingar og félagsfundir á þessa leið:

Kvæðalagaæfingar	Félagsfundir
7. mars	9. mars (aðalfundur)
4. apríl	6. apríl
2. maí*	4. maí

Fundir og kvæðalagaæfingar eru haldin í Gerðuberg og eru kvæðalagaæfingar klukkan 19:00, nema í maí, en þá byrjar æfing kl 18:00. Félagfundir eru klukkan 20:00, sjá einnig á [www.rimur.is](http://www.rimur.is) og á [www.facebook.com/rimur.is](http://www.facebook.com/rimur.is)

Heiðmerkurgleði Iðunnar verður 15. júní.

Haustferð Iðunnar verður 1. september. Væntanlega verður farið um Suðurland og/eða Reykjanes.

## Segulbönd Iðunnar

Áætlaður útgáfudagur Segulbanda Iðunnar er sumardagurinn fyrsti, 19. apríl. Þá munu Kvæðamannafélagið Iðunn og Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum efna til útgáfuhófs í Safnahúsinu við Hverfisgötu. Þar munu kvæðamenn kveða stemmur úr útgáfunni og barnakór undir stjórn Rósu Jóhannesdóttur syngja kvæðalög sem útsett hafa verið af Báru Grímsdóttur og Sigurði Rúnari Jónssyni.

Útgáfan verður kynnt og seld á tilboðsverði. Athöfnin hefst kl. 15:00.



# FRÉTTABLAÐ IÐUNNAR

130. tölublað – 39. árgangur  
Útgefandi: Kvæðamannafélagið Iðunn

Febrúar 2018  
Ábm: Bára Grímsdóttir

## Aðalfundarboð

Aðalfundur Kvæðamannafélagsins Iðunnar verður haldinn föstudaginn 9. mars 2018 kl. 20.00 í Gerðubergi.

Á fundinum verða venjuleg aðalfundarstörf s.s. kosning stjórnar og nefnda og ákvörðun árstíllags.

Höskuldur Búi Jónsson varaformaður hefur lýst því yfir að hann gefi ekki kost á sér til endurkjörs.

Allir aðrir stjórnar-, varastjórnar- og nefndarmenn sem og skoðunarmenn reikninga gefa kost á sér áfram.

Lýst er eftir öðrum framboðum í stjórn og nefndir.

Félagsfundur Iðunnar verður haldinn í framhaldi af aðalfundi. Á dagskrá verður m.a. Kristján Hreinsson skáld sem flytur frumort ljóð. Einnig verða fastir liðir, litlu hagyrðinga- og kvæðamannamótin, bragfræðihornið, samkveðskapur, tvísöngur og gert að afla Skáldu.

-----  
Þjóðlistahátíðin Vaka verður haldin á Akureyri 30. maí – 2. júní, [www.vakafolk.is](http://www.vakafolk.is)

-----  
Þjóðlagahátíðin á Siglufirði verður 4. – 8. júlí, [www.folkmusik.is](http://www.folkmusik.is)

## **Landsmót Stemma**

### **Landsamtaka kvæðamanna á Bifröst í Borgarfirði 20. – 22. apríl**

Dagskrá landsmótsins tengist efni úr Segulböndum Iðunnar, bók með 160 kvæðalögum á nótum og á hljóðritum, sem Kvæðamannafélagið Iðunn gefur út á vordögum í samvinnu við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Einnig verða nokkur borgfirsk skáld kynnt og flutt kvæði eftir þau í samkveðskap milli dagskrárliða.

Á landsmótinu verður hin nýútkomna bók til sölu á sérstöku tilboðsverði fyrir félagi Stemma, 10.000 kr en áætlað útsöluverð er um 13.000 kr.

### **Föstudagskvöld kl. 20:30 – 22:30. – Kvæðatónleikar**

Félagar úr aðildafélögum Stemma koma fram og kveða rímur og kvæði. Frítt inn en tekið er við frjálsum framlögum til styrktar Stemma.

### **Laugardagur 21. apríl - Fyrirlestrar og námskeið:**

9:30 – 10:30 A) Segulbönd Iðunnar .

Erindi um lögin í safninu, um söfnun á kvæðunum fyrir þessa útgáfu, um ýmsar greinar í bókinni, upplýsingar um kvæðamenn og um notagildi bókarinnar fyrir kvæðamenn og aðra leikmenn. Rósa Þorsteinsdóttir ritstjóri Segulbanda Iðunnar flytur.

10:45. – 11: 45 B) Bragfræði og stemmur úr Segulbandasafni Iðunnar.

Lögð verður áhersla á sjaldgæfa bragarhætti og kenndar stemmur sem falla að þessum bragarhættum. Nemendur gera einnig bragæfingar. Kennarar Ragnar Ingi Aðalsteinnsson og Bára Grímsdóttir

12:15 Hádegismatur.

Ferskastí fiskur dagsins ofnbakaður með steiktu grænmeti og sósu. Kaffi/te.

13:15 – 15:15 B) Bragfræði og stemmur Segulbanda Iðunnar, Framhald af námskeiði Ragnars Inga og Báru.

15:30 Hlé. Kaffi og kleinur.

16:00 – 17:00 C) Margrét Hjálmarsdóttir og fleiri kvæðamenn úr Segulbandasafninu.

Anna Fornadóttir, dóttir Margrétar, og dætur hennar, Anna Halldóra og Kristín Sigtryggsdætur, segja frá kvæðakonunni, kenna nokkrar af stemmum hennar og segja einnig sögur af fleiri kvæðamönnum sem eru tengdir þeim.

19:30 Hátíðarkvöldverður

Lamb með bökuðu rötargrænmeti og soðsösu í aðalrétt og súkkulaðikaka í eftirétt. Aðildarfélög Stemma sjá um skemmtidagskrá á meðan á borðhaldi stendur og á eftir. Einnig munu hagarðingar gefa skýrslu um landsmótið í bundnu máli.

22:00 – 23:00 Danshópurinn Sporið úr Borgarfirði sýnir dansa og mun síðan leiða allan hópinn í dans við hljóðfæraleik.

### **Sunnudagur kl. 10:00 – 12:00 Aðalfundur Stemma**

12:00 Hádegisverður, kaffi/te og kveðjustund.

Fólk sem hefur fæðuofnæmi er beðið um að láta vita af því við skráningu, einnig þau sem eru grænmetisætur eða vegan.

Verð fyrir gistingu með morgunverði í 2 nætur: 3ja manna herbergi 13.860 kr á mann, 2ja manna herbergi 14.660 kr á mann, einstaklingsherbergi 20.450 kr. Verð fyrir gistingu barns 2–12 ára í tvær nætur með morgunverði er 11.600 kr. Börn 6–12 ára fá 50% afslátt af mat af hópmatseðli og frítt er fyrir 6 ára og yngri.

Þátttökugjaldið er 12.850 kr og skal það greitt við skráningu hjá Rósu Þorsteinsdóttur á netfangið: rosat@hi.is eða í síma 8470870. Vinsamlegast leggið upphæðina á reikning Iðunnar: reikn. 0326-13- 885604, kt. 560471-0179 og sendið tölvupóst til Rósu til staðfestingar. Hún þarf einnig að vita um skráningu á hótélherbergjum og hverjir verði saman í herbergjum. Innifalið í gjaldinu er námskeiðsgjald og allar þær máltíðir sem nefndar hafa verið hér að ofan. Iðunnarfélagar geta reiknað með að þátttökugjald verði greitt niður um 3-5.000 kr á mann.

**Lokadagsetning skráningar er 17. mars.** Þau sem skrá sig eftir það geta ekki búist við niðurgreiðslu þátttökugjalds og hótelið tryggir ekki að herbergi séu laus. Fyrir þau sem ekki þurfa herbergi er allra síðasti skráningardagur 11. apríl. Þau sem vilja snæða kvöldverð á Bifröst á föstudeginum þurfa að hafa samband við hótelið í síðasta lagi 13. apríl. [hotelbifrost.is/is/veitingar/](http://hotelbifrost.is/is/veitingar/)

Námskeiðsgjald fyrir þau sem ekki eru í Stemma er 5.000 kr fyrir öll námskeið. Fyrir stök námskeið: A og C 1.500 kr fyrir hvort námskeið; B 4.000 kr.